

Umhverfisstofnun
Áb. <u>ABR SI</u>
<u>14. feb. 2019</u>
<u>08.08.01</u>
Tilv. <u>UMH1901-422</u>



Malbikunarstöðin Höfði hf.
Sævarhöfða 6-10
110 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 11. febrúar 2019
Tilv.: UMH19010267/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 23. janúar sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir rekstur Malbikunarstöðvar Höfða hf., á meðan unnið er að gerð nýs starfsleyfis. Fram kemur í framangreindu erindi að umsókn um nýtt starfsleyfi liggi fyrir hjá Umhverfisstofnun og að umsóknin sé í ferli hjá stofnuninni. Starfsleyfi rekstraraðila rann út 1. febrúar 2019. Óski rekstraraðili eftir því að veitt verði undanþága til áframhaldandi reksturs á meðan á starfsleyfisferlinu stendur.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 8. febrúar 2019, og þar staðfestir stofnunin að rekstraraðili hafi sótt um nýtt starfsleyfi til stofnunarinnar og að ný tillaga að starfsleyfi verði auglýst opinberlega á tímabilinu 6. febrúar til 7. mars 2019. Umhverfisstofnun telji rétt að ráðuneytið veiti rekstraraðila undanþágu frá starfsleyfi þar til nýtt starfsleyfi verði gefið út.

Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Malbikunarstöðinni Höfða hf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði eldra starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 18. júní 2015 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. júlí 2019.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Steinunn Elna Eyjólfssdóttir

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur